

Loftslagsvandi og loftslagsréttlæti¹

Til móts við loftslagsbreytta framtíð með óvissu í farteskinu!

Inngangur

Þessi grein skiptist í þrjá meginhluta. Í fyrsta hlutanum er sjónum beint að orðræðu sem spannst eftir útkomu nýjustu skýrslu Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna (20. mars 2023).² Í skýrslunni var nýjustu þekkingu á sviði loftslagsrannsókna miðlað en af niðurstöðum þeirra má ráða að heimsbyggðinni hafi ekki enn auðnast að sveigja inn á brautir sem dregið gætu úr alvarlegustu afleiðingum loftslagsbreytinga.³ Hví er staðan svona? Hví hökkum við í sama farinu eða, í versta falli, fjarlægjumst markmið okkar í loftslagsmálum?⁴ Þessar spurningar, ásamt fleirum, eru í brennidepli í fyrsta hluta greinarinnar, *Á þunnum ís*, og er þar gerð grein fyrir svörum nokkurra þekktra aðila við þeim, innlendra sem erlendra.

Í miðhlutanum, *Líkbringing yfir ósjálfbærum lífsmáta mannkyns*, er staldrað við hjá áströlskum heimspekingi sem skrifað hefur um ýmsar hliðar loftslagsvárnarinnar um árabíl. Þetta er nánar tiltekið Clive Hamilton (f. 1953)⁵ en honum gremst hve langur tími hefur farið til spillis á meðan heimsbyggðin hafi velt sér upp úr hinum fjölmörgu og flóknu hliðum loftslagsvandans. Ekkert skynsamlegt hafi komið út úr þeim vangaveltum, að hans mati, og nú sé mál að linni. Tímabært sé að hefja nýja vegferð til móts við allt annars konar framtíð en við höfum ímyndað okkur hingað til. Tvennt þarf að gerast ef við eigum að lifa af á jörðinni, staðhæfir Hamilton. Í fyrsta lagi þurfum við að sigrast á sálrænum varnarháttum manneskjunnar og hitt, sem er ekki síður mikilvægt, er að við

¹ Þótt hugtökin loftslagsvá og loftslagsréttlæti séu notuð í eintölu lít ég ekki svo á að loftslagsváin og loftslagsréttlætið sé eitthvað eitt. Þvert á móti er vandinn margslunginn og leiðirnar að réttlæti líka. Þetta kemur skýrt fram í þeim áherslum sem settar eru fram í greininni.

² Skýrsla Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna 2023, *AR6 Synthesis Report: Climate Change 2023*, 20. mars 2023, sótt 21. mars 2023 af <https://www.ipcc.ch/report/sixth-assessment-report-cycle/>. Þetta er 6. áfangaskýrsla Milliríkjanefndarinnar frá upphafi en verkefni hennar er að draga saman nýjustu þekkingu á þeim breytingum sem orðið hafa í lofthjúpi jarðar, hafi, fredhvolfi, á landi og lífríki, af völdum loftslagsbreytinga. Nefndin, sem er alþjóðleg, stundar ekki sjálfstæðar rannsóknir á sviðinu heldur byggir hún samantektir sínar á nýjustu alþjóðlegum vísindarannsóknum. Af ásettu ráði er hér sjónum beint að viðbrögðum nokkurra íslenskra aðila og er það gert til þess að sporna gegn því hugarfari að loftslagsmálefnið snerti Ísland og Íslendinga eitthvað minna en aðrar þjóðir. Loftslagsmálin og aðgerðir í þeim málaflokki eru sannarlega mál allrar heimsbyggðarinnar.

³ Með þessu orðalagi er vísað til orðræðunnar um „climate-resilient development pathways“ (CRDPs) en það eru leiðir og aðgerðir í loftslagsmálum sem ýta undir sjálfbæra þróun. Innifalið í þeim leiðum eru aðgerðir sem ætlað er að draga úr fátækt efla kynjajafnrétti og margt fleira á hinu samfélagslega plani.

⁴ Áhyggjur af þessu tagi eru að sjálfsögðu ekki að koma upp á yfirborðið fyrst núna. Sams konar áhyggjur mátti greina í skýrslunni frá 2018, sjá nánar *IPCC Special Report on Global Warming of 1.5°* (Summary for Policymakers), 2018, sótt 13. júní 2023 af https://www.ipcc.ch/site/assets/uploads/sites/2/2018/07/SR15_SPM_version_stand_alone_LR.pdf.

⁵ Clive Hamilton, *Requiem for a Species: Why We Resist the Truth about Climate Change*, London og Washington, DC: Earthscan, 2010.

þurfum að leggja af þær ranghugmyndir sem við höfum um yfirburði hennar. Er þetta rétt og skynsamleg greining hjá Hamilton? Getum við einhent okkur í aðgerðir ef hinn sálræni viljastyrkur er til staðar? Staðhæfingar Hamiltons, sem sannarlega eru mjög áhugaverðar, verða teknar til umræðu í umræðukafla greinarinnar.

Lokakafla greinarinnar kallast *Loftslagsréttlæti* en það hugtak hefur verið hagnýtt í guðfræðilegri orðræðu um loftslagsmál um nokkra hríð.⁶ Markmið vinnu í þágu loftslagsréttlætis er að mati margra guðfræðinga ekki að leysa öll vandamál sem tengjast loftslagsbreytingunum. Það væri mjög óraunsætt að flestra mati. Vandamálið telja þeir að sé mun flóknara og að það tengist jafnan samfélagslegu og efnahagslegu (ó)réttlæti. Það sama gildir um leiðirnar áfram. Sá þráður sem spunninn er í síðasta hluta greinarinnar hverfist fyrst og fremst um túlkun og tillögur guðfræðinga varðandi framlag kristinnar trúar til loftslagsréttlætis og þá ekki síst um spurninguna hvar megi finna uppsprettu hugrekksis og styrks á vegferðinni til móts við breytta framtíð?

Á þunnum ís

Í frétt sem birtist á vefnum *ruv.is* 12. mars 2023 var greint frá því að vegna vaxandi umsvifa í íslensku hagkerfi, þ. á m. mikillar fjölgunar ferðamanna sem koma til landsins, væri óhjákvæmilegt að flytja inn mun meira jarðefnaeldsneyti árið 2024 en reiknað hefði verið með. Fram kom að afleiðing þessa væri sú að Ísland myndi færast fjær markmiðum sínum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, sagði m.a. af þessu tilefni: „[...] eins og við þekkjum, að þá er öll verðmæta-sköpun, meira og minna, byggð á orkunotkun. Hvort sem það er raforka eins og í iðnaði, eða olíunotkun eins og í ferðaþjónustu og sjávarútvegi. Þannig að þegar umsvifin aukast á þessu sviði, að þá náttúrulega eykst notkun á olíu.“⁷ Rétt um tíu dögum síðar gaf Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna (IPCC) út sjöttu samantektarskýrslu sína.⁸ Í skýrslunni er skerpt á áður fram komnum vísindalegum staðreyndum og ábendingum en áhersla á tímaþáttinn var stórkaukin. Mannkyn verður að hraða aðgerðum, það er að falla á tíma er inntak skýrslunnar. Sá möguleiki að hægt sé að tryggja lífvænlega og sjálfbæra framtíð fyrir alla heimsbúa sé gluggi sem sé brátt að lokast. Ef takast eigi að skapa „loftslagsseiglu“ (e. *climate resilient development*) þurfi alþjóðleg samvinna á öllum plönnum að stórukast án tafar.⁹

⁶ Hagnýting þessa hugtaks einkorðast síður en svo við guðfræði. Tvö nýleg guðfræðileg verk má nefna þar sem þessi áhersla er mjög sterk, en það eru verk indverska guðfræðingsins George Zachariah, *Alternatives Unincorporated: Earth Ethics From the Grassroots*, London: Equinox, 2011, og umburðarbréf Frans páfa, *Laudato si': On Care for Our Common Home*, Vatican City Encyclical Letter, 2015.

⁷ „Orkuinnflutningur aldrei meiri“, frétt á RÚV 12. mars 2023, sótt 14. mars 2023 af <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-03-12-oliuinnflutningur-aldrei-meiri>.

⁸ Skýrsla Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna 2023, AR6 *Synthesis Report: Climate Change*, mars 2023, sótt 30. ágúst 2023 af <https://www.ipcc.ch/report/sixth-assessment-report-cycle/>.

⁹ „Urgent climate action can secure a liveable future for all“, fréttatilkynning frá Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna 20. mars 2023, sótt 23. mars 2023 af <https://www.ipcc.ch/2023/03/20/press-release-ar6-synthesis-report/>.

Áhrifa- og valdafólk víða um heim hefur brugðist við skýrslunni. Þar á meðal má nefna António Guterres, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, sem hvatti hinar ríkari þjóðir til að ganga á undan með góðu fordæmi og hefja öflugar mótvægis- aðgerðir tafarlaust.¹⁰ Í ræðu sem hann hélt sama dag og skýrslan kom út líkti hann núverandi stöðu mannkyns við það að vera á þunnum ísjaka sem bráðn- aði hratt. Önnur líking sem hann notaði var tímasprengjan. Loftslagsstíma- sprengjan tifar, sagði hann, en með réttum viðbrögðum sé þó enn hægt að gera hana óvirka. Leiðarvísinn að aftengingu sprengjunnar mætti finna í skýrslu Milliríkjanefndarinnar. Mannkyn gæti enn stöðvað hitastig jarðar við 1,5 gráðu á Celsíus eins og Parísarsamkomulagið 2015 boðaði. Undir lok máls síns leyfði Guterres sér smá hnyttni og sagði: „Í stuttu máli, heimurinn okkar þarfnast loftslagsaðgerða á öllum sviðum: allt, alls staðar, og það eins og skot“ (e. *everything, everywhere, all at once*).¹¹

Hverjar eru þá samkvæmt skýrslunni helstu mótvægisáðgerðir sem hægt er að ráðast í strax? Því er svarað í stuttu máli á blaðsíðu 103 í skýrslunni en þar má finna mörg dæmi um nauðsynlegar og gerlegar aðgerðir á ýmsum plönnum sem allar miða að því að draga úr ósjálfbærri neyslu og framleiðslu mannkyns. Enn og aftur er ítrekað að sá gluggi sem mannkyn hefur til að tryggja áfram- haldandi lífvænleg og sjálfbær skilyrði lífs á jörðunni sé óðum að lokast. For- sendur lausna og leiða að settum markmiðum felist í alþjóðlegri og hnattrænni samstöðu og samvinnu. Þær ákvarðanir og aðgerðir sem eigi sér stað núna, eða eigi sér ekki stað, muni hafa áhrif, bæði á samtíð okkar sem nú lifum og ekki síður komandi kynslóðir.¹²

Hér á landi hafa ýmsir aðilar tjáð sig um skýrsluna, þ. á m. formaður loftslagsráðs Íslands, Halldór Þorgeirsson.¹³ Í viðtali við þáttarstjórnendur *Samfélagsins* á RÚV þann 22. mars 2023 lagði Halldór áherslu á jákvæða þætti skýrslunnar, s.s. samtal og samstarf ríkja sem komist hafa að sameiginlegri niður- stöðu um aðgerðir.¹⁴ Önnur jákvæð ábending varðaði það að kostnaður við aðgerðir hefði almennt lækkað þótt blikur væru á lofti í því sambandi, ekki síst vegna stríðsins í Úkraínu. Dýrustu aðgerðina, hvernig sem á málið væri litið, sagði Halldór vera aðgerðaleyssið. Ef við aðhöfumst ekkert, eða of lítið, munu afleiðingar loftslagsbreytinganna koma niður á okkur af mun meiri þunga en ella þyrfti að verða. Ekki megi sóa tímanum þegar vitað sé hvað eigi og þurfi að gera. Kominn sé tími til að kveðja tímabil jarðefnanotkunar og hefja nýtt skeið í sögu mannkyns með endurnýjanlegum orkugjöfum. Heimsbyggðina taldi hann tilbúna að mæti slíkri framtíð. Síðan sagði Halldór um skýrslu Milli- ríkjanefndarinnar:

¹⁰ „Secretary-General Calls on States to Tackle Climate Change ‘Time Bomb’ through New Solidarity Pact, Acceleration Agenda, at Launch of Intergovernmental Panel Report“, frétt á vef Sameinuðu þjóðanna 20. mars 2023, sótt 23. mars 2023 af <https://press.un.org/en/2023/sgsm21730.doc.htm>.

¹¹ *Everything Everywhere All at Once*, titill á kvikmynd í leikstjórn Daniels Kwan og Daniels Scheinert. Þessi mynd hlaut Óskarsverðlaunin sem besta kvikmyndin árið 2022.

¹² *AR6 Synthesis Report: Climate Change 2023*, sótt 30. ágúst 2023 af <https://www.ipcc.ch/report/sixth-assessment-report-cycle/>.

¹³ Við frágang greinarinnar í ágúst 2023 hefur Halldór Þorgeirsson látið af formennsku í loftslagsráðinu þar sem skipunartími nefndarinnar rann út í júní 2023. Til stendur að skipa nýtt loftslagsráð síðar í ár.

¹⁴ „Samfélagið“ á RÚV 22. mars 2023, sótt 31. mars 2023 af <https://www.ruv.is/utvarp/spila/samfelagid/23617/7hl611/loftslagsbreytingar-og-skyrsla-ippc>.

Það var formaður loftslagsráðs, Halldór Þorgeirsson, og Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur sem voru til viðtals um þýðingu skýrslunnar.

Þetta er ákveðinn prófsteinn á Parísarsamninginn og gangverk hans. Parísarsamningurinn hefur það markmið að koma í veg fyrir hættulegustu röskunina en hann hefur líka ákveðið innra gangverk og þessar matsskýrslur IPCC renna nú inn í fyrsta, sameiginlega, hnattræna stöðumat þjóðanna sem verður lokið á aðildarríkjaþinginu í Dúbaí í nóvember/desember. [...] Nú eru að koma ný landsframlög, á grundvelli þessarar skýrslu og líka á grundvelli reynslunnar sem ríkin hafa byggt upp og þessara hagfræðilegu þátta. Þetta er ekki svo mikið spurningin um nýjan pening heldur tilfærslu á fjárfestingum. Það eru þegar merki um það að fjármagnnið sé að færast frá jarðefnaeldsneyti yfir í endurnýjanlega orku. Nú, ár eftir ár, þá hefur meirihluti nýrrar orku sem hefur komið verið endurnýjanlegur. Þetta mun halda áfram þannig að þetta er að þróast í rétta átt, bara ekki nægjanlega hratt. Þess vegna er þetta mikið úrslitaþing og skiptir mjög miklu máli, það aðildarríkjaþing sem haldið verður í lok ársins og hvernig tekst til með þetta hnattræna stöðumat sem í fyrsta sinn fer fram undir Parísarsamningnum.¹⁵

Hér vísar formaður loftslagsráðs til Parísarsamkomulagsins frá 2015 en það fól í sér loforð um samstarf 195 þjóða um að vinna að því að halda hnattrænni hlýnun jarðar af mannavöldum innan tveggja gráða (2° C) til framtíðar. Áður en samkomulagið var undirritað lögðu aðildarþjóðirnar fram svokölluð aðgerðaloforð (e. *Intended Nationally Determined Contribution*) þar sem þær áætluðu, hver og ein út frá sínum forsendum, hversu mikið þær gætu mögulega dregið úr losun fram til ársins 2030. Markmið Íslands gekk út á að árið 2030 hefði losun gróðurhúsalofttegunda dregist saman um sem næmi 40%, miðað við árið 1990.

Eins og upphafsorð þessa kafla sýna glögg er Ísland fjarri því að ná þessu markmiði. Það er sorglegt en satt að á þeim sjö árum sem liðin eru frá gerð Parísarsamkomulagsins hefur okkur ekki auðnast að gera betur. Þetta viðurkenndi forsætisráðherra landsins í viðtali við fréttamann RÚV sem spurði hana út í fréttina frá 12. mars sl. sem vísað var til í upphafi kaflans. „Erum við að gera nóg?“ spurði fréttamaðurinn Katrínu Jakobsdóttur daginn eftir útkomu skýrslu Milliríkjanefndarinnar. „Nei“, svaraði hún, og bætti við að hvorki við né aðrar þjóðir stæðum okkur sem skyldi. „Við erum auðvitað þegar búin að hefja aðgerðir. Spurningin er hvort við getum flýtt þeim aðgerðum sem þegar eru í gangi.“¹⁶

Hvernig má skýra það að okkur miðar svo hægt í þessu mikilvæga máli? Hvers vegna gerum við ekki hið rétta? Einn þeirra sem reynir að útskýra það er fyrrverandi formaður Landverndar, Tryggvi Felixson, sem segir í aðsendri grein í Morgunblaðinu að viðbrögð stjórnvalda víða um heim einkennast af doða. „Þeir ríkustu menga mest og valda því mestu tjóni: Þeir ríku bera mesta ábyrgð en axla hana ekki.“¹⁷ Hvað Ísland varðar viðrar Tryggvi þá skoðun að stjórnvöld og atvinnulífið hér á landi skorti bæði áhuga og vilja til aðgerða. Ástæðurnar fyrir aðgerðaleyfinu telur hann að séu margar, þ. á m. skammtíma-hagsmunir og ótti stjórnámálanna við pólitískar óvinsældir ef breytt verði um stefnu. Hann hafnar þeim rökum að Íslendingar þurfi að sækja meira í náttúru landsins til að auka orkuframleiðslu til orkuskipta. Skortur á orku sé ekki meginvandinn heldur hitt hvernig orkan sé nýtt. Tryggvi skrifar: „Sífelld sókn í meiri raforku er ekki lausn heldur hluti af kjarna vandans; ósjálfbær neysla og framleiðsla og eyðilegging náttúru og víðerna landsins okkar“. Niðurstaða

¹⁵ Sama heimild.

¹⁶ „Enginn að gera nóg í loftslagsmálum“, frétt á RÚV 21. mars 2023, sótt 22. mars 2023 af <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-03-21-enginn-ad-gera-nog-i-loftslagsmalum>.

¹⁷ Tryggvi Felixson, „Loftslagskrísan dýpkar: Viðbrögð íslenskra stjórnvalda einkennast af doða“, grein í *Morgunblaðinu* 31. mars 2023, bls. 15.

Tryggva í greininni er á þá leið að Íslendingar verði að sýna hugrekki og fara að fyrirmælum Sameinuðu þjóðanna varðandi aðgerðir; í stað þess að virkja vatnsorkuna ættu þeir að virkja hugvitið.¹⁸

Í lokaorðum Tryggva mátti heyra greinilegt bergmál frá boðskap Antónios Guterres, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, en í fyrrnefndri ræðu höfðaði Guterres til siðferðilegrar samstöðu og sagði hana forsendu þeirra breytinga sem þyrftu að eiga sér stað á heimsvísu. G-20 iðnríkin voru sérstaklega nefnd í ræðu Guterres og sú skoðun ítrekuð að það væri á ábyrgð ríkari þjóða heims að ganga á undan með góðu fordæmi.¹⁹ Um þetta eru þeir Halldór Þorgeirsson og Tryggvi Felixson sammála. Segjum sem svo að aðalritari Sameinuðu þjóðanna tæki sér ferð á hendur til aðildarríkja Parísarsáttmálans í því skyni að hvetja þau til að sýna hugrekki og hefja þegar í stað mótvægisáðgerðir í loftslagsmálum. Hvað myndi hann segja við okkur hér á landi? Með fyrrnefnda ræðu hans frá 20. mars í huga, held ég, að þann boðskap mætti í hnotskurn orða eitthvað á þessa leið:

Ísland er ríki þjóð á heimsvísu og hefur tæknilega getu til að takast á við margt af því sem ógnar velferð okkar sem nú lifum, sem og komandi kynslóða. Til að ráðast í nauðsynlegar breytingar gildir þó ekki síður að búa yfir siðferðisstyrk og hugrekki en efnahagslegu og tæknilegu bolmagni til að gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru!²⁰

Hugsanlega finnst einhverjum þetta full mórölsk túlkun á boðskap Guterres. Það má vera. Það er þó staðreynd að það sem einkennt hefur hinar mörgu ræður Guterres sem tengjast skýrslum Milliríkjanefndarinnar síðustu ár hefur einmitt verið hinn hárbeyti, siðferðilegi tónn. Þessari áherslu aðalritarans svipar um margt til boðskapar þeirra Frans páfa og höfuðsmanns grísku rétttrúnaðarkirkjunnar, græna patriarkanum Bartólómeusi, í sameiginlegri yfirlýsingu frá árinu 2017 en þar lögðu þeir áherslu á að mannkyn allt þyrfti að umbylta mannskilningi sínum ef því ætti að takast að valda verkefni sínu varðandi aðgerðir í loftslagsmálum. Kjarna boðskapar sameiginlegrar yfirlýsingarinnar þeirra mætti orða svo:

Mannkyn hefur gleymt uppruna sínum. Það hefur gleymt að það er af sama meiddi og jörðin. Jörðin þjáist vegna rangs framferðis mannkyns og það bitnar á náttúrunni. Vandamálið sem takast þarf á við er því broki mannkyns gagnvart náttúrunni. Svareð við brokanum er á sviði hugarfarsins. Viðurkenna þarf breytta sýn á samband manns og náttúru sem gæti orðið grundvöllur að betri og farsælli vegferð mannsins á jörðinni en nú virðist framundan. Sú vegferð má ekki byggjast á áframhaldandi neyslu og notkun jarðefnaeldsneytis. Hið góða líf heimsbyggðarinnar til frambúðar verður að vera óháð bensíni, olíu og kolum.²¹

¹⁸ Sama heimild, sama stað.

¹⁹ G-20 eru samtök sem samanstanda af fjármálaráðherrum og seðlabankastjórum 20 ríkja ásamt fulltrúum Evrópusambandsins. Samtökin eru umræðuvettvangur um málefni er varða hagkerfi heimsins. Ekkert Norðurlandanna á fulltrúa í G-20 samtökunum.

²⁰ Þessa ályktun mína byggði ég á fyrrnefndri ræðu aðalritarans frá 20. mars 2023, sem var flutt sama dag og skýrsla Milliríkjanefndarinnar kom út.

²¹ Ég byggði þennan kjarnaboðskap á sameiginlegri yfirlýsingu Frans páfa og höfuðsmanns rétttrúnaðarkirkjunnar, „Joint Message of Pope Francis and the Ecumenical Patriarch Bartholomew for the World Day of Prayer for Creation“, frétt á vefsíðu Vatíkansins, 1. september 2017, sótt 27. mars 2023 af <https://press.vatican.va/content/salastampa/en/bollettino/pubblico/2017/09/01/170901a.html>.

Í þessum fyrsta hluta greinarinnar hefur verið leitast við að gera sýnilegan vanmáttinn og tregðuna sem við upplifum svo mörg gagnvart þeim miklu áskorunum sem heimsbyggðin stendur frammi fyrir og tengjast loftslagsmálunum. Flestir sem komið hafa til tals í þessum fyrsta kafla virðast óþreyjufullir og áhyggjufullir yfir því hve hægt gengur í mótvægisáðgerðum og skrifa það ýmist á stjórnvöld, hugmyndafræði auðhyggju eða okkur sjálf sem einstaklinga. Hvað eigum við eiginlega að gera? Er einhver áhætta í því fólgin að hvetja alla heimsbyggðina til tafarlausra áðgerða, eins og aðalritari Sameinuðu þjóðanna, Frans páfi og græni patriarkinn hafa allir gert? Er hætta á því að meiri skaða verði hugsanlega valdið með vanhugsuðum áðgerðum en engum? Hér má gera ráð fyrir að lesandanum finnst nóg komið því að nú hafi mér tekist að fara í hring og hallist æ meir að kyrrstöðu en áðgerðum. Það er ekki ætlun mín heldur hitt, að vekja athygli á þeirri miklu óvissu og margræðni sem hvílir á þessum málaflokki öllum. Loftslagsvandinn er ekkert eitt vandamál þótt við höfum tamið okkur að nota eintöluorð yfir það. Þvert á móti er loftslagsvandinn gríðarlega flókinn og samþættur vandi sem varðar svo miklu meira en bara loftslagið. Ég vil því á þessum tímapunkti leyfa mér að taka undir orð guðfræðinganna Whitney A. Bauman og Kevins J. O'Brien sem segja það stærstu áskorun tuttugustu og fyrstu aldarinnar að átta sig á og viðurkenna þá brjálæðislega miklu óvissu sem nú sé uppi varðandi jörðina sem öruggan íverustað manna.²² Einfaldar skýringar og einföld svör, segja þeir, í mörgum tilfellum gera illt verra. Ekkert eitt siðferðilegt lögmál, heilög kýr eða framfarahugsjón nái yfir loftslagsvandann og birtingarmyndir hans og það sama eigi við um leiðirnar áfram. Sterk sannfæring fyrir hinu eina rétta í þessum málum sé varhugaverð. Fremur en á heitri sannfæringu og hreinum, röklegum línunum fíkrum við okkur áfram jafn hægt og sú siðfræði er margræð.). Þessi sjónarmið tel ég allrar athygli verð og mun koma betur að þeim í lokakafla greinarinnar.

Snúum okkur þá að næsta hluta og skrifum Clives Hamilton en nýlega bók hans má skilja sem líkhringingu yfir þeim lífsmáta sem ríkustu þjóðir heims hafa tamið sér um nokkurt skeið. Þann lífsmáta dæmir Hamilton úr leik og segir að okkur öllum beri siðferðileg skylda til að kveðja hann fyrir fullt og allt. Sú kveðjuathöfn verði ekki auðveld en þegar hún sé afstaðin megum við vænta þess að öll munum við lifa betra og heilbrigðara lífi en við gerum nú.²³

Líkhringing yfir ósjálfbærum lífsmáta mannkyns

Í bók sinni *Requiem for a Species* beinir Hamilton spjótum að ríkasta hluta heimsins og harmar athafnaleysi okkar sem þar búum andspænis loftslagsvánni.²⁴

²² Whitney A. Bauman og Kevin J. O'Brien, *Environmental Ethics and Uncertainty: Wrestling with Wicked Problems*, London og New York: Routledge, 2020, bls. 3.

²³ Clive Hamilton, *Requiem for a Species* (sjá nmgr. 5). Hamilton hefur haldið áfram að gefa út bækur á þessu sviði, en þar má nefna t.d. bókina *Earth Masters: The Dawn of the Age of Climate Engineering* frá 2013, New Haven og London: Yale University Press, en í henni heldur hann áfram umræðunni um það hvernig við getum undirbúið okkur undir þær miklu breytingar sem nú séu hafnar í heiminum af völdum loftslagsbreytinganna. Ég læt nægja að horfa aðeins til fyrri bókarinnar í þessari grein.

²⁴ Clive Hamilton, *Requiem for a Species*, bls. 1–31.

„Harmatölur“ hans eiga ekki upptök sín í tóminu heldur kallast á við varnaðar-orð vísindamanna sem viðrað hafa viðlíka áhyggjur um langa hríð.²⁵ Þar liggur beint við að nefna höfunda bókarinnar *Endimörk vaxtarins* sem, þegar upp úr 1970, lýstu áhyggjum af þeirri töf sem orðið gæti á réttum viðbrögðum við skaðlegum áhrifum mannsins á náttúruna. Til að gera langa sögu stutta, skiptu þeir fyrirjáanlegri töf í tvennt: vistkerfistöf og mannlega töf. Vistkerfistöfina útskýrðu þeir þannig að hið gríðarlega flókna vistkerfi myndi lengi vel ekki sýna nein afgerandi og óyggjandi merki skaðlegra afleiðinga mannlegra athafna á náttúruna heldur geyma þær í iðrum sér. Hvað hina mannlegu töf varðaði væri um það að ræða að frá því að vísindamenn næðu fullri athygli stjórnvalda og þar til brugðist yrði við af fullu afli liði einnig langur tími. Þannig byði hin tvöfalda töf heim ákveðnu ástandi sem einkenndist af ofvexti (e. *overshoot*). Einnig því ástandi töldu höfundar *Endimarka vaxtarins* að yrði viðhaldið of lengi, eða allt þar til að valið stæði einungis milli tveggja leiða: stýrðrar hnignunar (e. *managed decline*) þar sem fundnar yrðu leiðir til breyttra lífshátta eða algers hruns (e. *collapse*).²⁶

Þetta var, vel að merkja, niðurstaða vísindamanna árið 1972. Rétt tæpum fjörutíu árum síðar, þegar Hamilton fjallar um þessi mál, er augljóst að hann telur ofvaxtarskeiðið runnið upp og meira en það: komið sé að krossgötum. Við eigum þess enn kost að velja okkur framtíð, segir Hamilton. Spurningin sé hvort við stefnum að algeru hruni eða breytum mikilvægum þáttum í lífsháttum okkar sem allir tengjast framleiðslu og notkun jarðefnaeldsneytis. Valið getur aðeins orðið eitt, er hans mat: Við verðum að kveðja hinn ósjálfbæra lífsmáta sem við höfum ástundað allt of lengi en þó ekki svo lengi! Getum við það? Stendur hugsanlega manneðlið sjálf í vegi fyrir því? Erum við of veikgeðja og sjálfselek þegar öllu er á botninn hvolft og viljum engu sleppa af þeim „gæðum“ sem við erum orðin vön?

Hamilton veltir þessum spurningum alvarlega fyrir sér. Flest göngum við út frá því, segir hann, að við séum fyrst og fremst skynsemisverur með hæfni til að taka réttar ákvarðanir á réttum tíma að því gefnu að við höfum allar forsendur sem þurfi. Hamilton samsinnir þessu viðhorfi upp að vissu marki en bendir jafnframt á hina mörgu, sálrænu varnarhætti sem maðurinn hafi þróað með sér gegnum aldirnar. Þessir varnarhættir séu ekkert lamb að leika sér við og nefnir nokkur dæmi í því sambandi.²⁷

Einn sterkasta varnarhátt mannsins segir Hamilton vera þann að ýta frá sér því óþægilega og ógnvekjandi. Annar, ámóta kröftugur, sé að smætta hið erfida sem við blasi og telja sér og öðrum trú um að útlitið sé ekki eins slæmt og það virðist. Þriðja varnarháttinn nefnir hann óskhyggju og segir hana gagnast við að mynda fjarlægð milli okkar og þess sem ógnar okkur. Fjórdi varnarhátturinn

²⁵ Donella H. Meadows, Dennis L. Meadows, Jørgen Randers og William W. Behrens III, *The Limits to Growth: A Report for the Club of Rome's Project on the Predicament of Mankind*, New York: Universe Books/London: Earth Island Limited, 1972. Íslensk þýðing: *Endimörk vaxtarins: Þáttur í rannsókn Rómarsamtakanna á ógöngum mannkynsins*, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins, 1974. Þorsteinn Vilhjálmsson þýddi meginhluta verksins, „Inngang“ og 1.–5. kafla, en Finnbogi Guðmundsson þýddi kaflana „Fylgt úr hlaði“ og „Að lokum“.

²⁶ Donella H. Meadows o.fl., *The Limits to Growth*, bls. 201–205. Forsendur ofvaxtarástandsins töldu höfundarnir að gætu skapast um miðja tuttugustu og fyrstu öldina.

²⁷ Clive Hamilton, *Requiem for a Species*, bls. 95–121.

er svo bjartsýnin en henni svipar til fyrrnefndra varnarháttanna að því leyti að með hjálp hennar tekst mannum bæði að smætta vandann og ýta honum frá sér.²⁸

Það er ekki svo að Hamilton sjái aðeins hið neikvæða við varnarhættina. Svo er ekki, heldur bendir hann á mikilvægt hlutverk þeirra við að verja manneskjuna gegn vonbrigðum, depurð og sorg. Þetta sé nauðsynlegt upp að vissu marki en reynist samtímis oft skammgóður vermir.²⁹ Vandinn hverfi ekki, hvað sem líði bjartsýni, óskhyggju og smættunartilburðum. Loftslagsógnin sé ekki á förum, hversu heitt sem við óskum þess. Fremur en að tala niður manneðlið eða hvetja okkur til að hefja okkur yfir sálræna gerð okkar, hvetur hann til raunsæis. Staðan í heimi loftslagsbreytinga sé þannig að við eigum engra annarra kosta vöð en horfast í augu við staðreyndir. Því verði ekki skotið á frest. Tíminn til þess sé núna. Það sem Hamilton hefur fram að færa er því fyrst og fremst hvatning. Hvatning til að horfast í augu við þá staðreynd að hið liðna getur ekki varað lengur. Við þurfum að feta svipaða slóð og sérhver syrgjandi neyðist til að gera eftir áföll, missi og dauða. Jarðarbúar verði að líta á hamfarahlýnun jarðar og afleiðingar hennar sömu augum og dauðann. Við verðum að kveðja hið liðna! Draumarnir um framtíðina, eins og við höldum að hún yrði, munu ekki rætast. Sérhverju áfalli og dauða fylgi sorg og nú þurfi að takast á við hana. Sorgarferlinu skiptir hann upp í tvennt: kveðjuna og viðurkenninguna.³⁰

Hvað er það þá nánar tiltekið sem Hamilton segir að við þurfum öll að kveðja? Svarið er, í fyrsta lagi: lífsmátann sem hinn vestræni og ríkasti hluti heimsins hefur tamið sér en hann byggist á hagvaxtarhugmynd nýfrjálshyggjunnar, að hans mati. Í öðru lagi þarf, að mati Hamiltons, að kveðja ríkjandi heimsmynd og mannskilning. Hvað fyrra atriðið varðar má segja að því svipi mjög til niðurstöðu höfunda *Endimarkka vaxtarins* sem héldu því fram á sínum tíma að trú á ótakmarkaðan hagvöxt, á takmarkaðri jörð og í ófullkomnum heimi, væri fölsk og til þess gerð að skaða lífríkið með óafturkræfum hætti.³¹

Síðara atriðið í skrifum Hamiltons snýr að þeirri hugmyndafræði sem býður okkur að líta á okkur sem yfirboðara jarðarinnar vegna þess að við séum æðri öðrum náttúrulegum lífverum. Það viðhorf álitur Hamilton einnig skadlegt en hvort tveggja þessara atriða telur hann byggjast á vanþekkingu sem verði að viðurkenna — annars sé tómmt mál að vænta megi breytinga.³² Til að útskýra þetta nánar nýtir Hamilton sér þekkingu áfalla- og sorgarfræða. Viðurkenning vandans sé forsenda þess að komast í gegnum sorgina, sem sé óumflýjanleg í þessum aðstæðum.³³ Með öðrum orðum, það sé mikilvægt að horfast í augu við hinn raunverulega vanda og viðurkenna hann. Ekki megi halla sér að óvísindalegum viðhorfum, eins og t.d. því að ekkert sé hægt að gera eða þá því sem verra sé: að ekkert megi gera því að Guð sjái um sína. Aðgerðir okkar og breytni verða að byggjast á vel rökstuddri, vísindalegri viðurkenningu á stöðu mannkyns í heiminum núna, það er sannfæring Hamiltons. Þess vegna verðum

²⁸ Sama heimild, bls. 122–128.

²⁹ Sama heimild, bls. 129–133.

³⁰ Sama heimild, bls. 215–218.

³¹ Sama heimild, bls. 210.

³² Sama heimild, bls. 219.

³³ Sama heimild, bls. 215–218.

við að velta úr sessi rangri heimsmynd menningar okkar ásamt þeim mannskilningi sem gjarnan sé förunautur hennar. Hafna þurfi mannskilningi og heimsmynd nútímahyggjunnar og vinna þess í stað út frá siðfræði sem leggi áherslu á jafnari stöðu alls lífs innan vistkerfisins. Virðingin fyrir lífinu í heild eða samtengingu alls lífs er því meginatriði í málflutningi Hamiltons.³⁴

Loftslagsréttlæti

Í textanum hér að framan hefur ákall um tafarlausar aðgerðir sem stemmi stigu við loftslagsvandann komið upp í sífellu. Kevin J. O'Brien, bandarískur prófessor í kristinni siðfræði, blandar sér í þá umræðu í bókinni *The Violence of Climate Change* (2017) þar sem hann lýsir þeirri skoðun að ekki sé hægt að „leysa“ loftslagsvandann vegna þess hve flókinn hann sé.³⁵ Hann notar hugtakið „andstyggilegt“ (e. *wicked*) til að leggja áherslu á þessa skoðun og veltir í framhaldinu upp sex mismunandi hliðum vandans sem allar eru jafn mikilvægar að hans mati. Þar er fyrst til að taka hina vísindalegu hlið sem hann ljær mesta athygli en bætir síðan við hliðum umhverfismála, mannúðar, stjórn mála, efnahagsmála og loks trúar. Hin ólíku sjónarhorn vandans eiga að hans mati allir rétt á sér en hvert og eitt þeirra nái skiljanlega ekki að varpa ljósi á nema hluta vandans. Það sjónarhorn sem hann velur að leggja hvað mesta áherslu á í bókinni er spurningin um það hvernig við, sem byggjum heiminn nú, getum lifað réttlátlega með loftslagsbreytingunum.³⁶ Í viðleitni sinni til að svara þeirri spurningu bendir hann á leiðir sem fólk innan friðar- og mannréttindahreyfinga fyrr á tíð valdi að fara í leit að samfélagslegu réttlæti. Það sem einkenndi þau öll var óbilandi kjarkur og ríkt ímyndunarafli en einmitt það skilaði miklu í baráttunni fyrir bættum heimi. Hin fimm „fræknu“ eru nánar tiltekið Cesar Chavez (1927–1993), Martin Luther King (1929–1968), Dorothy Day (1887–1980), Jane Addams (1860–1925) og John Woolman (1720–1772) en öll voru þau leiðtogar í hreyfingum sem börðust fyrir félagslegu réttlæti og friði í Bandaríkjunum á sinni tíð. Framlag þeirra fólst ekki í óyggjandi svörum og leiðum, segir O'Brien, sem gagnast geti okkur sem nú lifum í glímunni við loftslagsvandann. Svo einfalt sé það ekki. Fremur felist gildið í siðferðilegri hugsjón og leiðsögn lífs þeirra sem geti orðið okkur hvatning á vegferðinni til móts við breyttan lífsmáta í loftslagsbreyttum heimi.³⁷

Fjöldi guðfræðinga hefur róið á svipuð mið og O'Brien og velt fyrir sér hvað megi læra af reynslu forfeðra okkar og fyrirrennara andspænis hinum uggvænlegu aðstæðum sem við upplifum nú um stundir. Hvað gerðu þau? Hvernig komust þau í gegnum erfiðleika og áskoranir sinnar samtíðar? Hvernig auðnaðist þeim að lifa í von og trú við að því er virtust vonlausar aðstæður? Kapólski guðfræðingurinn Joan Chittister (f. 1936) sem tilheyrir Benediktínareglunni hefur fjallað mikið um þessar spurningar og valið ekki ósvipaða leið og O'Brien. Líkt og hann, bendir hún á að við eigum alltaf val og getum komið

³⁴ Sama heimild, bls. 222–226.

³⁵ Kevin J. O'Brien, *The Violence of Climate Change: Lessons of Resistance from Nonviolent Activists*, Washington, DC: Georgetown University Press, 2017.

³⁶ Sama heimild, bls. 34–37.

³⁷ Sama heimild, bls. 5. O'Brien leggur áherslu á að þessir einstaklingar hafi ekki verið neinir dýrtingar heldur ófullkomin eins og flest fólk.

ótrúlegustu hlutum til leiðar.³⁸ Í bókinni *Christianity and Ecology* frá 1992 tekur hún dæmi um þetta og bendir á hvernig meðlimir Benediktínareglunnar á sjöttu öld brugðust við eftir fall rómverska heimsveldisins en ein afleiðing þess var stórfelld eyðilegging akra og skóga.³⁹ Hvað gerðu þau í þeim aðstæðum? spyr hún og svarar: Þau völdu að líta svo á að Guð ætlaði þeim það einstaka hlutverk að græða sár stríðsins, gróðursetja ný tré í stað þeirra sem brennd höfðu verið, byggja upp vatnsból, hlúa að ám og lækjum, auk þess að vinna að jarðgerð en slíka iðju hafi meðlimir Benediktínareglunnar iðkað allar götur síðan og litið á sem sérleik sinn. Trúartraustið og hugrekið til að velja slíka túlkun öld eftir öld hafi vaxið upp úr frásögnum af gjörðum fyrirrennara þeirra innan reglunnar. Mottóið hafi verið: Fyrst þau gátu gert þetta, þá hljótum við að geta það líka.⁴⁰

Réttum þrjátíu árum síðar, í bókinni *The Time Is Now: A Call to Uncommon Courage*,⁴¹ fjallar Chittister enn um hugreki og val á breytingatímum. Hún vísar til kynna sinna af einstaklingum sem búi yfir óvenjulega og jafnvel óskiljanlega miklu hugreki. Þessa leiðtoga nefnir hún spámenn og lítur á þá sem mikilvægar fyrirmyndir í hvers konar mannréttinda- og frelsisbaráttu í heiminum. Spámannsgáfan sé náðargjöf, einstök gjöf Guðs til fárra útvalinna sem fá það hlutverk að vera uppspretta hugrekkis fyrir aðra.

Aðstæðurnar í Bandaríkjunum þegar Chittister skrifaði *The Time Is Now* voru mjög sérstakar. Bókin kom út 2019 en þá hafði Donald Trump verið forseti Bandaríkjanna um tveggja ára skeið. Fjöldi guðfræðinga vestan hafs hafði uppi mikla gagnrýni allan valdatíma Trumps og var Chittister þar framarlega í flokki. Það er hafið yfir vafa að titill bókar hennar vísar til veldis og uppgangs Trumps en samtímis er tilvísunin víðari og vísar til hvaða ógnarástands sem er, hvar og hvenær sem er. Titillinn kallast á við biblíulega hugtakið *kaïros* sem merkir að tíminn sé fullnaður og breytingar í nánd (sbr. Mark 1.15). Chittister leggur áherslu á valið og hugrekið sem undanfara breytinga. Við erum stödd á krossgötum, skrifar hún, og þurfum að velja leiðina áfram. Hvað veljum við? spyr hún og nefnir þrjá mögulega kosti.⁴²

Fyrsti kosturinn sem hún nefnir er flóttinn, sem augljóslega sé ekki æskilegt val. Ef við flýjum af hólmi frestast vandinn, segir hún, og lendir á öðrum. Það sé ósanngjarnt og óréttlátt. Möguleika tvö lýsir hún sem jafnvel enn lakari kosti en þeim fyrsta en þar er um að ræða hreina og klára uppgjöf. Við uppgjöf gefumst við endanlega upp fyrir hinu illa, segir Chittister, skríðum í skjól og bíðum þess að stormurinn gangi yfir. Ekki sé hægt að mæla með því vali heldur. Það er ekki fyrr en með þriðja kostinum að hún eygir hið spámannlega afl að verki en þá leyfum við hugsunum, orðum og gjörðum fyrirrennara í mannréttinda- og frelsisbaráttu að verka í okkur. Ef við gerum það mun hinn spámannlegi kraftur koma til skjalanna. Þá sé mögulegt að við fylltumst því

³⁸ Chittister er varaformaður alþjóðlegra friðarsamtaka kvenna (e. *Global Peace Initiative of Women*) en þau starfa náið með Sameinuðu þjóðunum. Hún hefur unnið ótulla að málefnum friðar, mannréttinda, kvenna og kirkju í um 50 ár.

³⁹ Joan Chittister, „Monasticism: An Ancient Answer to Modern Problems“, ritstj. Elizabeth Breuilly og Martin Palmer, *Christianity and Ecology*, London og New York: Cassell, 1992, bls. 65–75.

⁴⁰ Sama heimild, bls. 65–75.

⁴¹ Joan Chittister, *The Time Is Now: A Call to Uncommon Courage*, New York: Convergent Books, 2019.

⁴² Sama heimild, bls. 13.

hugrekki og baráttuþreki sem þurfi til að ná fram breytingum sem muni hafa jákvæð og góð áhrif á framtíðina.⁴³

Enn eitt nafnið vil ég nefna úr röðum guðfræðinga samtímans en það er lútherski guðfræðingurinn og siðfræðingurinn Larry Rasmussen (f. 1939) sem er þess fullviss að raunvísindin ein og óstudd séu ófær um að knýja áfram hið umfangsmikla breytingaverkefni sem jarðarbúar standi frammi fyrir. Raunvísindin eru góðra gjalda verð, skrifar Rasmussen, en þau megna ekki að kenna okkur að meta gildi náttúrunnar. Til þess séu hugvísindi af ýmsum toga, menningin og trúin betur fallin.⁴⁴

Líkt og kollegar hans hér að framan, þau O'Brien og Chittister, skimar Rasmussen eftir þáttum sem verið gætu mikilvægt veganesti í umræddan breytingarferil. Grundvöllur Rasmussens eru skrif Charles Darwins (1809–1882) um þróun lífvera vegna náttúruvals en af þeim skrifum dregur hann þá ályktun að það verði hvorki sterkustu né gáfuðustu tegundir jarðarinnar sem muni lifa loftslagsbreytingarnar af heldur þær sem megni að laga sig að breyttum veruleika. Einmitt það sé verkefni mannkyns nú: að laga sig að þeim breytingum sem þegar séu orðnar, sem og þeim sem fastlega megi gera ráð fyrir að verði á komandi árum og áratugum.⁴⁵

Þannig endurnýtir Rasmussen þróunarhugtak Darwins frá níttjándu öldinni og beitir á nýjan og breyttan veruleika í upphafi tuttugustu og fyrstu aldar. Stór hluti skrifa hans er á gagnrýnum nótum og beinist að hugmyndafræði nútímahyggjunnar (e. *modernism*) sem hann, ásamt fleiri fræðimönnum, hefur gagnrýnt og sagt standa í vegi fyrir nauðsynlegri umbyltingu hugarfarsins. Hinn angi skrifa hans felst svo í að veita „spámannlegum“ straumum inn í umræðuna um breytingar. Það má því með sannni segja að guðfræðingar samtímans feti svipaðar slóðir og þau sem hér hafa verið nefnd að framan en velji svo ólíkar fyrirmyndir. Sá sem verður fyrir valinu hjá Rasmussen er Vaclav Havel (1936–2011), fyrrum forseti Tékkóslóvakíu, en hann byggði á reynslu síns heimalands af því hvernig raunverulegar samfélagsbreytingar áttu sér stað. Það er þó ekki aðeins það sem Rasmussen festir fingur á hjá Havel heldur einnig gagnrýni hans á að nútímahyggjan hafi orðið til þess að við, sem nú lifum, höfum misst tengslin við forfeður okkar og formæður. Með öðrum orðum, eigi nútímahyggjan sök á því að þekking fyrri tíðar hafi verið forsmáð og jafnvel afmáð fyrir þær sakir einar að hún sé ekki „vísindalega“ áreiðanleg.⁴⁶

Rasmussen tekur í sama streng og Havel hvað þetta atriði varðar og segir það skyldu mannkyns að endurheimta margvíslega siðferðilega visku og verðmæti sem farið hafi forgörðum vegna langvarandi áhrifa nútímahyggjunnar. Fleira sem tapast hefur vegna áhrifa nútímahyggjunnar nefnir hann, þar á meðal er tilfinningin fyrir samverund, samvitund og samvisku með öðrum lífheildum en mannkyni.⁴⁷ Þessa hæfni þarf að endurheimta en hvernig förum við að því? Rasmussen hefur svar sitt með því að benda á að öll getum við gert

⁴³ Sama heimild, bls. 13–14.

⁴⁴ Larry L. Rasmussen, *Earth-Honoring Faith: Religious Ethics in a New Key*, New York: Oxford University Press, 2013, bls. 112. Í þessum orðum má glögggt heyra enduróm af ákalli Carls Sagan og samstarfsfélaga hans frá 1990 í frægu ákalli um nauðsyn samstarfs vísinda og trúar í þágu jarðarinnar og náttúrunnar.

⁴⁵ Larry L. Rasmussen, *Earth-Honoring Faith*, bls. 112.

⁴⁶ Sama heimild, bls. 113.

⁴⁷ Sama heimild, bls. 114.

margt svo miklu betur en nú sé raunin. Lífsmáti okkar sé ekki klappaður í stein og ekki sé lengra síðan en um miðja síðustu öld að við höfum hafið að temja okkur lífsstíl sem borinn sé uppi af jarðefnaeldsneyti. Í fljótu bragði virðumst við flest kunna vel við hann og viljum því sem fæstu breyta. Þessum lífsstíl sé að miklu leyti viðhaldið með jarðefnaeldsneyti ásamt gríðarlegri ofnotkun vatns. Rasmussen krefst þess ekki að hróflað sé við hverjum steini en bendir á að stöðugt þurfi að þróa betri aðferðir til að nýta jarðargæðin betur svo að minna fari til spillis. Betri nýting ýti undir sjálfbærni, sem auki líkur á að við fáum haldið einhverju því sem við kunnum best að meta og fengist hefur með þróun vísinda og tækni. Betri virkni sé þó ekki nóg og að festast á plani einstaklingsaðgerða segir hann að geti snúist upp í andhverfu sína og unnið gegn þeirri breytingu sem þurfi að eiga sér stað og sé mun stærri í sniðum. Hætta sé á að við stöðnum ef markið sé ekki sett hærra. Það geti endað í sinnuleysi. Niðurstaða hans varðandi einstaklingsbundnar breytingar er því sú að þótt nauðsynlegt og mögulegt sé að gera ýmsar breytingar þar á séu áhrif þeirra breytinga afskaplega takmörkuð.⁴⁸

Lítum næst á umræðu hans um stærri, kerfislægar og hugmyndafræðilegar breytingar sem verði að eiga sér stað ef ekki eigi illa að fara en segja má að Rasmussen hefji þá umræðu á kröftugri dómsdagssþá þar sem hann bendir á að hitastig jarðar muni halda áfram að hækka hvað sem líði lífsstílsbreytingum einstaklinga og smærri hópa. Ef okkur sé alvara varðandi breytingar verði að taka mun stærri skref. Við eigum ekkert val lengur, segir hann, heldur neyðumst til. Við séum þar komin að það sé eini kosturinn í stöðunni. Hinir kostirnir sem Chittister nefndi hér að framan séu ekki í boði.

Tímabært sé að hrista upp í hugarfarinu og aftengjast ákveðnum gildum sem skrifa megji á reikning nútímahyggjunnar.⁴⁹ Skuld okkar við náttúruna og komandi kynslóðir vaxi með hverri sekúndu. Tímabil hagvaxtar undanfarna áratugi hafi gengið hratt á auðlindir jarðar. Sá tími sem við lifum nú sé millibilsástand milli þess tíma sem hafi varað stutt en þó allt of lengi og þess sem geti ekki viðgengist öllu lengur. En er þetta nægjanlegt og munu þessar aðgerðir tryggja að upp renni enn góður tími fyrir mannkyn? Þeirri spurningu svarar Rasmussen þannig að svo geti einungis orðið ef fólk um heim allan komi saman, bendi á lausnir, margar og mismunandi, semji sig að nýjum tíma, með réttlæti og miskunn að leiðarljósi. Um hinar stóru, kerfislægu breytingar þurfi að semja og í þeim samningum þurfi jörðin sjálf að vera gildur aðili máls, virt og heiðruð. Hér vísar Rasmussen til jarðarsáttmálans (e. *Earth Charter*) sem hann álitur að þjónað geti sem fyrirmynd en sá var saminn af nefnd skipaðri af Sameinuðu þjóðunum.⁵⁰

Jarðarsáttmálinn, sem kynntur var á umhverfisráðstefnu UNESCO fyrir réttum tuttugu árum, var gerður í anda fyrri alþjóðlegra sáttmála Sameinuðu þjóðanna, með sérstakri áherslu á vernd jarðarinnar og jafnframt afkomu, réttlæti og velsæld allra jarðarbúa. Samkvæmt sáttmálanum þurfa einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir allra þjóða heims að viðurkenna innbyrðis tengsl friðar,

⁴⁸ Sama heimild, bls. 115–116.

⁴⁹ Sama heimild, bls. 117.

⁵⁰ Í nefndinni sat fólk frá öllum heimshornum og öllum stigum samfélagsins.

umhverfisverndar, mannréttinda og jafnréttis.⁵¹ Í formála sáttmálans er lögð áhersla á að mannkyn standi á tímamótum í sögu jarðar. Upp sé runnin ögur-
stund þar sem mannkynið þurfi að velja sér framtíð. Á vegferð okkar til fram-
tíðar þurfi þjóðir heims að taka höndum saman um að mynda sjálfbært sam-
félag á heimsvísu sem byggist á virðingu fyrir náttúrunni, mannréttindum, rétt-
látri skiptingu lífsgæða og friðarmenningu.⁵²

Jarðarsáttmálann má með réttu skoða sem siðferðilega hugsjón en hugsjónir
lýsa ekki því sem er, heldur því sem ætti að vera. Rasmussen samsamar sig
inntaki og hugsjón jarðarsáttmálans þegar hann hvetur allar þjóðir heims til að
gangast undir gagngera breytingu á gildismati sem hafi bein áhrif á aðgerðir
þeirra og viðbrögð við loftslagsvánni. Markmið hugsjónar jarðarsáttmálans er
skýrt en það er að hafa áhrif, umbylta fyrri merkingu hluta og skapa nýja. Þá
þurfi að fá þjóðir heims til að horfa á hlutina frá nýju sjónarhorni og setja
málefnið í mun stærra samhengi en við erum vön. Þetta merkir í hnotskurn að
hafna verður viðteknu gildismati og atferli því tengdu. Sú hugmyndafræði sem
þarf að hafna og kennd er við nútímahyggjuna, er sú að maðurinn fari með
húsbóndavald yfir náttúrunni; að náttúran sé fyrst og fremst forðabúr og
skemman sem maðurinn geti gengið í eftir löngun og þörfum.⁵³

En hvernig eiga breytingar sér stað? Hvað segir sagan um það? Svar Rasmus-
sens er að fyrstu skref breytinga spretti iðulega upp frá jaðrinum, frá minni-
hlutahópum með lítil völd og áhrif í samfélaginu. Slík hreyfing koðni hins vegar
jafnharðan niður mistakist henni að virkja mun meiri fjölda úr valda- og áhrifa-
hópum samfélagsins. Ályktun hans er því sú að fjöldahreyfing baráttufólks
þurfi að koma til sé markmiðið að knýja fram kerfislæga breytingu. Aðgerðir
hinna fáu og jaðarsettu megni ekki að ná svo umfangsmiklum og flóknum
breytingum í gegn. Hann tekur dæmi af þrælahaldinu í Bandaríkjunum á ofan-
verðri níttjándu öld og bendir á að af kirkjunnar hálfu hafi því fyrst verið
mótmælt af smærri kirkjum. Þrælahaldið hafi hins vegar ekki verið afnumið
fyrir en stóru kirkjudeildirnar (og auðvitað mun fleiri hópar) snerust á sveif með
þeim minni.⁵⁴

Umræða og ályktanir

Í upphafskafla greinarinnar var sjónum beint að viðbrögðum þekktra aðila
andspænis þeim miklu ógnum sem tengja má loftslagsvánni. Nýleg orðræða,
bæði hérlendis og erlendis, var skoðuð í greininni en í henni mátti greina örviln-
un en jafnframt verið að telja í okkur kjark á þeim ógnvænlegu tímum sem við
nú lifum. Orð Antónios Guterres, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, um að
heimurinn þarfnaðist tafarlausra loftslagsaðgerða lýsa þessu andrúmslofti ágæt-

⁵¹ Larry L. Rasmussen, *Earth-Honoring Faith*, bls. 118.

⁵² Jarðarsáttmálinn 2002, sótt 21. júní 2023 af

<https://earthcharter.org/wp-content/uploads/2020/06/Booklet-Earth-Charter-52-FINAL.pdf>.

⁵³ Larry L. Rasmussen, *Earth-Honoring Faith*, bls. 118.

⁵⁴ Sama heimild, bls. 118. Þótt Rasmussen nefni þetta sem dæmi um breytingaferil þá má ekki álykta sem svo að hann telji að það hafi einungis verið kirkjunnar fólk sem hafi átt þátt í afnámi þrælahaldsins í Bandaríkjunum árið 1865. Kirkjurnar voru öflugar í því breytingaferli og báru fram guðfræðileg rök fyrir afnáminu en engan veginn einu samtökin sem létu sig málið varða.

lega. Önnur eftirminnileg orð úr fyrsta kafla greinarinnar á Halldór Þorgeirsson, fráfarandi formaður Loftslagsráðs Íslands, sem lagði á það þunga áherslu að dýrast væri aðgerðaleysið. Á því myndum við öll tapa, menn og náttúra.

Nú er árið 2023 og flest bendir til þess að þjóðirnar 195 sem sóttu Parísarfundinn árið 2015 muni ekki efna loforð sitt. Hvernig stendur á því? Er það rétt sem Tryggvi Felixson benti á að atvinnulífið, jafnt sem stjórn málin, skorti vilja og áhuga til að takast á við vandann? Hvar er hugrekið sem þeir Tryggvi og Halldór lýstu eftir? Erum við föst í úreltum mannskilningi nútímahyggiunnar sem boðar að manningnum sé frjálst að ráðskast með náttúruna að vild?

Þessa umræðu, sem varðar bæði orsakir loftslagsvandans og leiðirnar áfram, má í guðfræðilegu samhengi tengja hefðbundnum skilningi um syndina en almennt má segja að syndin sé túlkuð sem þekkingarskortur samkvæmt grískum hugmyndahefðum til forna en að lítið sé á hana sem siðferðisbrest samkvæmt rómverskum hefðum. Það djarfar fyrir hvoru tveggja sjónarmiðinu í loftslagsorðræðunni en fyrst og fremst er það þó bjartsýnin á getu mannsins sem er þar ríkjandi, að þeirri forsendu gefinni að við þekkjum og skiljum vandamálið. Dæmi um þetta mátti finna í málflutningi þeirra Frans páfa og höfuðsmanns rétttrúnaðarkirkjunnar og einnig hjá heimspekingnum Clive Hamilton þótt mannskilningur hans væri blendnari. Hamilton hvatti mannkyn til að horfast í augu við staðreyndir loftslagsvandans og kveðja að því búnu fyrra lífernri sem byggðist á notkun jarðefnaeldsneytis. Ný breytni mannkyns þyrfti að leysa hina gömlu af hólmi. Vísindaleg þekking í bland við hugrekki væri leiðin til móts við gjörbreytta framtíð.

Áberandi í þeim viðbrögðum sem að framan hafa verið rædd er sú röksemdafærsla að þar sem loftslagsbreytingar ógni heiminum með alvarlegum og ákøfum hætti séu tafarlaus viðbrögð við þeim nauðsynleg og réttlæt看leg. Þessum tón, sem er ekki hvað síst skýr í orðræðu Antónios Guterres, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, er auðvelt að vera sammála. Samtímis vekur hann upp spurningar sem lúta að því hvort ekki hljóti að vera samband milli þess hve flókinn og samsettur loftslagsvandinn er annars vegar og viðbragðanna við honum hins vegar. Með öðrum orðum, þótt við séum sammála þeim sem benda á alvarleika og ákefð vandans er ekki þar með sagt að hægt sé að skrifa undir þá ályktun að nauðsynlegt sé að bregðast við honum tafarlaust! Af hverju ekki? Svárið felst í því hve erfitt er að henda reiður á vandanum og skilgreina hann, hvað þá skilja hann til fulls, en meðan svo er hlýtur einnig að vera erfitt að vita hvernig eigi að bregðast við honum, hvað þá tafarlaust. Loftslagsvandinn hefur margar hliðar, eins og Kevin O'Brien benti á hér að framan, hann er bæði alþjóðlegur og þjóðlegur, síbreytilegur en um leið fyrirsjáanlegur, samfélagslegur og umhverfislegur, hér og nú, en líka í framtíðinni. Viðurkennum við þetta, gætu okkur vissulega fallist hendur í stað þess að grípa til aðgerða. Á hverju eigum við að byrja? Því er ekki auðsvarað en þótt sú sé raunin má það ekki draga úr okkur allan mátt!

Val, breytingar, hugrekki og réttlæti eru hugtök ofarlega á blaði í kaflanum hér á undan en þar eru það mestmegnis guðfræðingar sem koma til tals. Stjörnufræðingurinn Carl Sagan sker sig úr þeim hópi en hann kallaði eftir aðkomu trúarsamfélagsins að náttúru og umhverfisverndarmálum fyrir meira en þrjátíu árum. Ákall hans varð stórum hópi guðfræðinga mikill innblástur eins

og sjá má í fjölskrúðugri vistguðfræði og siðfræði sem byggst hefur upp síðan þá. Algengt kennimark þeirrar guðfræði er áherslan á fyrirmyndir sem hafi það hlutverk að hvetja til aðgerða í þágu þeirra sem höllustum fæti standa í samfélaginu. Það gera Kevin O'Brien, Joan Chittister og Larry Rasmussen sviklaust en öll leggja þau áherslu á hinn spámannlega eldmód leiðtoga mannréttinda- og frelsishreyfinga fyrir á tíð sem veitt geti hugrekki til breytinga í samtímanum. Margt er ólíkt með þessum fræðimönnum en eitt eiga þau þó sameiginlegt og það er höfnun á nútímahyggiunni en mannskilning, heimsmynd og náttúrusýn hennar álíta þau beinlínis skaðlega lífríkinu. Ný þekking á vistkerfinu og stöðu mannsins innan þess, ásamt aldagamalli þekkingu á manneðlinu, helst í hendur í skrifum fyrrnefndra guðfræðinga sem leggja jafnframt ríka áherslu á að sé forsenda aðgerða í loftslagsmálum.

Hér hefur því ekki verið andmælt að nauðsyn sé á aðgerðum til að sporna við afleiðingum loftslagsbreytinga. Undir það vil ég taka en jafnframt samsinna þeim sem benda á hve flókið málið er og fjarri því að hægt sé að „leysa“ það tafarlaust. Slíkt væri hrokafullt en gagnrýni á hrokafullan mannskilning er einmitt eitt af burðarstefjum greinarinnar. Það sem hefur smám saman runnið upp fyrir mér við samningu þessarar greinar er hve mikilvægt er að halda ákveðnum siðfræðilegum grundvallaratriðum til haga í hinni flóknu loftslagsorðræðu. Þar ber hæst þá staðreynd að heimurinn, maðurinn og náttúran eru margræð og flókin fyrirbæri sem við verðum umgangast af varkárni og virðingu. Hvatningu til tafarlausra aðgerða verður því að taka af yfirvegum svo að við völdum ekki meiri skaða en orðinn er.

Að lokum vil ég ítreka sjónarmið Kevins J. O'Brien og Whitney's A. Bauman hér að framan sem gagnrýna siðfræði áreiðanleikans og fullvissunnar og telja að hún geti afvegaleitt okkur í þeim flóknu aðstæðum sem við búum við nú um stundir. Loftslagsbreytingar eru komnar til að vera, þær eru margbreytilegar, fyrirsjáanlegar og ófyrirsjáanlegar í senn. Frammi fyrir þeirri staðreynd ættum við hvarvetna í heiminum að leita leiða til að takast á við þær. Ég er sammála Frans páfa og fjölda guðfræðinga um að samfélagið, samtalið og samstaðan séu mikilvæg gildi í þessu samhengi. Við áorkum engu ein en saman getum við hjálpast að við að lifa með óvissunni og margræðninni. Sú siðfræði sem á heima í þessu samhengi er því ekki sú sem boðar rökrétta vissu og skotheldar lausnir tafarlaust heldur miklu fremur sú sem viðurkennir óvissuna og styður okkur áfram veginn. Við getum ekki gert allt sem gera þarf. „Allt, alls staðar og það tafarlaust“ virkar ekki í þeim ófullkomna heimi sem bústaður okkar er. Sættumst við lífið eins og það er, virðum náttúruna og höldum áfram á hraða margræðinnar.